

139

Í dauðans böndum Drottinn lá

1. Í dauð - ans bönd - um Drott - inn lá frá dauð - a svo vér slepp - um
 2. Á jörð - u fyrr - i sást ei sá er sigr - að dauð - ann feng - i
 3. Á hólmi við dauð - ann Guðs son gekk að gæt - um sig - ur hlot - ið
 4. Í heim - i þrátt var styrj - öld stríð en styrj - öld sú var hörð - ust

en upp reis dauð - um aft - ur frá svo ei - líft líf vér hrepp - um.
 því sárt á öll - um synd - in lá og sýkn varð fund - inn eng - i.
 og hann í dróm - a hneppt - an fékk og helj - ar víg - i brot - ið.
 er þá var háð til lausn - ar lýð er líf og dauð - i börð - ust.

Í Guð - i því oss gleðj - ast ber og gjald - a þökk og syngj - a hver
 Í rík - i dauð - ans vor - um vér en veld - i þess - a rík - is er
 Í sig - ur dauð - inn svelgd - ur er, hans sár - an brodd ei þurf - um vér
 Á dauð - a sig - ur dýrð - leg - an með dauð - a sín - um líf - ið vann,

af hjart - a:
 nú hrun - ið.
 að hræð - ast.
 því hljó - i: } Hal - le - lú - ja. Hal - le - lú - ja.

5. Guðs eigin son í heimi hér
 í hrelling dauðans seldur
 vort páskalamb nú orðinn er
 sem allri blessun veldur
 og heilagt benjaþlóðið hans
 gegn banaspjóti morðingjans
 oss hlífir. ∴ Hallelúja. ∴

6. Því páskahátíð höldum vér
 með helgri trúargleði
 og tignum hann sem líf oss lær
 og lækning veita réði.
 Nú dagur skín en dimman þver,
 í dalnum syndamyrkurs er
 nú heiðskirt. ∴ Hallelúja. ∴

7. Nú látum sálir saðning fá
 af sönnu lífsins brauði,
 hið forna súrdeig sjást ei má
 því sálum það er dauði.
 Sjá, brauð af himni hlutum vér,
 það himnabrauðið Kristur er,
 vort hjálpráð. ∴ Hallelúja. ∴